

5. gr.

Eigendur plantna, gróðrarstöðva og annarra ræktunarstaða, flutningstækja og bygginga, og þeir, sem umráðarétt hafa yfir slíku, skulu án endurgjalds leyfa aðgang, sýnatöku, rannsóknir og aðgerðir, er fyrirskipaðar kunna að verða og nauðsynlegar mega teljast skv. 2. gr. þessara laga.

6. gr.

Þeim, sem brýtur ákvæði laga þessara, er skylt að hlíta fyrirmælum landbúnaðarráðherra eða umboðsmanna hans um varnaraðgerðir vegna brotsins. Skal hann framkvæma þau fyrirmæli á eigin kostnað og undir eftirliti opinberra aðila, en einnig eru þeim aðilum heimilar slíkar varnaraðgerðir á kostnað þess, sem sök ber. Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, er heimilt að greiða kostnað við hana úr ríkissjóði.

7. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 17 frá 31. maí 1927.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Nú telur umsjónarnefnd eftirlauna, að störf, sem umsækjandi um ellilífeyri eða láttinn maki umsækjanda um makalífeyri hefur stundað á tímabilinu 1970—1980, hafi verið tryggingarskyld samkvæmt 5. gr. laganna, en iðgjöld hafa þó ekki verið greidd af þeim til lífeyrissjóðs, og skal þá reikna hlutaðeigandi rétt samkvæmt þessum kafla er svarar til 60% þeirra tekna sem um ræðir, þó aldrei meira en 0.6 stig hvert einstakt ár.

Ákvæði 5. málsgr. skulu gilda á hliðstæðan hátt, ef réttindi samkvæmt I. kafla hafa glatast vegna endurgreiðslu iðgjalda, sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977. Telji hlutaðeigandi lífeyrissjóður, að endurgreiðslan

hafi komið í stað bótagreiðslu, og sé hann reiðubúinn að taka á sig skuldbindingar í samræmi við iðgjaldagreiðslurnar, er umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða lífeyri samkvæmt I. kafla í samræmi við þær.

Frá og með 1. janúar 1981 verði réttindi samkvæmt þessum kafla einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða.

2. gr.

Á eftir 1. málsg. 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá umsjónarnefnd að heiðni sjóðsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutaðeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutaðeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp.

3. gr.

1. töluliður 1. málsg. 25. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, er verði 26. gr., svohljóðandi:

Frá og með 1. desember 1980 skulu þeir, sem réttar nióta skv. I. kafla laga þessara, fá viðbót, er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar upphótar skv. 21. gr. laganna og skal horin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mör. 12. gr. segir til um.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari grein í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um réttindi vegna tímabilsins 1970—1980 skulu gilda frá 1. janúar 1980 að telja.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um loðdýrarækt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.